

Ed.

121. Breytingartillögur

við frv. til laga um eftirlit með útlendingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Útlendingum, sem koma hingað til lands, er óheimilt að fara í land til dvalar nema þeir hafi skilríki, sem sýni á fullnægjandi hátt, hverjir þeir eru.
2. Við 3. gr. Fyrir „stjórnarráðsins“ á tveim stöðum komi: dómsmálaráðherra.
3. Við 4. gr.
 - a. Síðasti másl. 1. málsg. orðist svo: Eftirrit af farþegaskrá eða úrdrátt úr henni skal jafnan senda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, þegar eftir að skip eða loftfar hefir haft samband við land. Eftirrit þetta eða úrdrátt skal senda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans alstaðar þar, sem skip eða loftfar hefir látið farþega í land eða tekið þá úr landi, enda beri skráin eða útrátturinn greinilega með sér, hverjir farþegar til útlanda eða frá hafi farið í eða úr skipi eða loftfari í því lögsagnarumdæmi.
 - b. Í stað orðsins „framfylgja“ í 2. málsg. komi: fullnægja.
4. Við 5. gr.
 - a. Í stað „ávallt áður en hann“ o. s. frv. til enda 1. málsg. komi: eigi síðar en innan viku frá komu sinni skýra lögreglustjóra, þar sem hann ætlar að dvelja, frá fyrirætlun sinni og gera grein fyrir högum sínum.
 - b. 2. málsg. falli burt.
5. Við 6. gr. Fyrir orðið „fátækrastyrk“ komi: framfærslustyrk.
6. Við 7. gr. Fyrir orðið „sveitarstyrksþurfi“ komi: framfærslustyrksþurfi.
7. Við 12. gr. 1. málsg. Orðin „einkum ef“ o. s. frv. til enda málsg. falli burt.
8. Við 12. gr. Fyrir orðið „samkvæmt“ í 5. málsg. komi: á.